

**Ed.**

**10. Breytingartillögur**

[8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Kjartanssyni.

Framan við 1. gr. bætist:

1. Á eftir A. 59 komi nýr liður:

*Péturseyjarvegur:* Af Suðurlandsvegi austan við Pétursey, með byggðinni sunnan Péturseyjar á Suðurlandsveg vestan við eyna.

2. Á eftir A. 65 komi nýr liður:

*Meðallandsvegur syðri:* Af Meðallandsvegi austan við Efri-Ey um Bakkakot, Sandhól, Háu-Kotey, Lágu-Kotey, Nýjabæ, Rofabæ, Strönd á Meðallandsveg ofan Strandar.

3. A 66 orðist svo:

*Holtsvegur á Siðu:* Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú vestri að Holti, inn Holtsdal, um Skaftárdal að Búlandi í Skaftártungu.